

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um endurgjaldskröfu leiguliða fyrir húsagjörð.* — Með þóknanlegu brjefi herra amtmannsins frá 21. f. m. meðtók jeg bóнарbrjef, þar sem bóndinn Sigurður Jónsson, nú á Hálsi, fer því á flot, að sjer verði veitt 100 króna þóknun fyrir það, að hafa stækkað húsín á hjáleigunni Árgerði við Möðruvallaklaustursjörðina Böggsversstaði. 56  
23. maí.

Á brjefi yðar og fylgiskjölum þess, sjer í lagi álití hlutaðeigandi umboðsmanns, sjest, að hin nefndu hús, sem beiðandinn skildi eptir á Árgerði, þegar hann fluttist þaðan fyrir fáum árum síðan, eru alveg óþörf á hjáleigunni, með því næg húsakynni eru sögd á heimajörðunni Böggsversstöðum, en hún er byggð bónda þeim, er nú er á henni, æflangt með hjáleigunni Árgerði, og hefir hann skorast undan að hafa ábyrgð á húsum þeim, er hjer er um að ræða. Þar eð nú ekkert hefir komið fram því til sönnunar, sem beiðandinn segir, um að umboðsstjórnin hafi hvatt sig til að byggja hin nefndu hús, getur hann hvorki haft rjettar- nje sanngirniskröfu til annars en samkvæmt 3. kap. landsleigubálks Jónsbókar að færa burt hús þau, er hann hefir gjört fram yfir það, sem áskilið var, er hann tók við jörðunni, og verður því beiðni hans um þóknun af umboðssjóðnum ekki tekin til greina.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

## Auglýsing

um minnispening.

Hans hátígn konungurinn hefir samkvæmt allraþegnlegustum tillögum hermálastjórnarinnar með úrskurðum frá 10. júní 23. septbr. og 16. desbr. f. á. mælt svo fyrir:

«Gjöra skal minnispening handa þeim, er á árunum 1848—50 og 1864 hafa annaðhvort í hernum eða á flotanum barizt fyrir fósturjörðina, þannig, að slá skal pening með brjóstmynd hins háæla konungs Friðriks hins sjöunda handa þeim, er þátt hafa tekið í stríðinu 1848—50, pening með brjóstmynd Christians konungs hins níunda handa þeim, er hafa tekið þátt í stríðinu 1864, og pening með brjóstmyndum bæði Christians konungs hins níunda og hins háæla konungs Friðriks hins sjöunda handa þeim, er hafa verið í hvorutveggja stríðinu.

Peninginn skal veita sjerhverjum þeim, er á einhverju af árunum 1848, 1849 og 1850 eða 1864 hefir verið í herþjónustu í einhverri herdeild (Institution), meðan hún var vígbúin, eða sem hefir verið kvaddur á skip, er hefir verið búið út vegna ófriðarins, þó með því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi ekki sætt hegningarvinnu eða með dómi hafi fundizt sekur í einhverju því, er skerðir mannorð hans í augum almennings.

Peninginn skal bera í rauðu bandi með hvítum röndum.

Peninginn skal bera vinstramegin á brjóstinu, og þannig, að á þeim, er sæmdir hafa verið riddarakrossi dannebrogssorðunnar, heiðursmerki dannebrogsmanna eða öðru dönsku heiðursmerki, sje hann hafður til vinstri handar við þessi merki, en hægramegin við útlend sæmdarmerki, ef einhverjir skyldu hafa þau.

Bönd þau, er fylgja peningnum, má ekki bera nema, þegar hann er áfastur þeim.

Landherliðar skulu bera peninginn, þá er þeir eru í viðhafnarbúningi, og er þeir gegna herþjónustu í friði (Garnisonstjeneste), í viðhafnarfylkingum (Parader) og við hersýningar (Revuer). Sjóliðar skulu bera hann við viðhafnarbúning og við öll þau hernaðarstörf, er foringjarnir samkvæmt konungsúrskurði frá 8. septbr. 1871 skulu bera sverð.

Hinn 16. júní 1876.